



**ÁRSSKÝRSLA UNÐANÞÁGUNEFDAR
GRUNNSKÓLA
skólaárið 2017-2018**

Nóvember 2018

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, sbr. ákvæði 18. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Nánar er kveðið á um starfsreglur nefndarinnar í [reglugerð](#) um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla nr. 440/2010.

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð til fjögurra ára og var þannig skipuð starfsárið 2017-2018:

Erla Ósk Guðjónsdóttir, formaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis
Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands
Ellisif Tinna Víðisdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
María Steingrímsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Varamenn:

Kristrún Birgisdóttir, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis
Ólafur Loftsson, fulltrúi Kennarasambands Íslands
Þórður Kristjánsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ingvar Sigurgeirsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins.

Skýrslan inniheldur tölulegar upplýsingar fyrir skólaárið 2017-2018 og til samanburðar eru upplýsingar fyrir hvert ár allt frá skólaárinu 2007-2008. Skólaárið telst frá 1. ágúst til og með 31. júlí ár hvert.

Samantekt

Á skólaárinu 2017-2018 voru teknar til afgreiðslu 434 umsóknir um heimild skólastjóra til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Af þeim voru 383 umsóknir samþykktar en synjanir voru 51.

Umsóknum um undanþágur hefur fjölgað jafnt og þétt frá skólaárinu 2012-2013, en eru þó enn tæplega helmingur þess sem tíðkaðist fyrir skólaárið 2007-2008. Þegar skólaárið 2017-2018 er borið saman við skólaárið á undan er um 40,8% fjölgun umsókna milli ára að ræða. Af 383 samþykktum umsóknum fyrir skólaárið 2017-2018 voru umsóknir vegna kvenna 296 eða 77,3% og vegna karla 87 umsóknir eða 22,7%.

Langflestar samþykktar undanþágur eru vegna einstaklinga í menntunarflokki 10 eða 78,9% af heildarfjölda umsókna. Í þessum flokki eru einstaklingar með háskólagráðu í grunnskólakennarafræðum eða háskólagráðu í öðrum greinum. Af samþykktum umsóknum eru 58 einstaklingar með B.Ed. próf í grunnskólakennarafræðum og af þeim eru 34 í meistaranámi til kennsluréttinda.

Hlutfall einstaklinga sem fá undanþágu án þess að vera með starfsreynslu við kennlustörf hefur farið hækkandi nokkur síðustu ár og er nú ríflega helmingur samþykktra umsókna eða 54,3%. Flestir hafa fengið undanþágu til almennrar kennslu eða 48,3%. Meirihluti umsókna eru vegna einstaklinga á aldursbilinu 31-40 ára eða 48,2%.

Tafla 1. Fjöldi umsókna eftir skólaárum: samþykktar umsóknir, synjanir og hlutfallsleg breyting milli ára

Skólaár	Heildar- fjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Breyting á fjölda samþykktra umsókna milli ára (%)	Umsóknum synjað
2007-2008	708	506	23,1	202
2008-2009	654	477	-5,7	177
2009-2010	303	238	-50,1	65
2010-2011	175	118	-50,4	57
2011-2012	86	56	-52,5	30
2012-2013	116	92	64,3	24
2013-2014	158	136	48	22
2014-2015	206	164	20,6	42
2015-2016	237	210	28	27
2016-2017	313	272	29,5	41
2017-2018	434	383	40,8	51

Í töflu 2 má sjá skiptingu umsókna eftir landshlutum. Vakin er athygli á því að frá og með skólaárinu 2016-2017 var tekin upp breytt landshlutaskipting. Flokkurinn Reykjanes var tekinn út og tveir nýir flokkar bættust við: Reykjavík og nágrenni og Suðurnes. Í flokknum Reykjavík og nágrenni eru: Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Reykjanes flokkast með Suðurnesjum eftir breytinguna.

Tafla 2. Fjöldi samþykktra umsókna eftir landshlutum

Skólaár	07/08	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18
Reykjavík	110	103	11	9	6	9	15	17	12	31	58
Nágrenni Reykjavíkur										97	135
Reykjanes	169	181	92	42	15	29	56	81	116		
Suðurnes										53	66
Vesturland	35	21	26	14	6	9	6	7	17	18	17
Vestfirðir	27	26	19	9	5	10	15	11	11	13	21
Norðurland vestra	14	15	11	11	7	4	5	2	12	3	7
Norðurland eystra	39	36	18	7	3	14	10	9	13	7	12
Austurland	52	41	32	19	8	11	14	18	9	24	31
Suðurland	60	54	29	7	6	6	15	19	20	26	36
Samtals	506	477	238	118	56	92	136	164	210	272	383

Menntun þeirra sem skólustjórar sækja um undanþágu fyrir er greind í 10 flokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám í iðngrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o. fl.
10. BA., BS., B.Ed. í grunnskólakennarafræðum, Ph.cand., MA., Cand.mag., Cand.phil., Cand.psyk., Mag. theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskajálfarar og iðjuþjálfarar.

Menntunarflokkar og kynjaskipting

Flestar samþykktar umsóknir voru vegna einstaklinga í menntunarflokki 10 eða 78,9%.

Nám til kennsluréttinda á grunnskólastigi

Umsóknir vegna einstaklinga sem eru að byrja í námi til kennsluréttinda eða lengra komnir til B.Ed. prófs í grunnskólakennarafræði voru 36 eða 9,4% af heildarfjölda umsókna (menntunarflokkur 8). Þeir einstaklingar sem lokið hafa B.Ed. prófi til kennsluréttinda og eru í áframhaldandi meistaránámi eru 34.


Af 383 samþykktum umsóknum fyrir skólaárið 2017-2018 voru umsóknir vegna kvenna 296 eða 77,3% og vegna karla 87 umsóknir eða 22,7%. Tafla 3 sýnir fjölda kvenna og karla eftir menntunarflokkum.

Tafla 3. Fjöldi samþykktra umsókna kvenna og karla eftir menntunarflokkum

Menntunarflokkur	Konur	Karlar	Samtals
1	5	0	5
2	0	0	0
3	0	0	0
4	7	3	10
5	0	1	1
6	3	1	4
7	11	3	14
8	36	7	43
9	0	4	4
10	234	68	302
Samtals	296	87	383

Á mynd 1 sést vel að langflestar samþykktar undanþágur eru vegna einstaklinga í menntunarflokki 10 eða 78,9% af heildarfjölda samþykktra umsókna. Í þessum flokki eru einstaklingar með háskólagráðu í grunnskólakennarafræðum og í öðrum greinum.

Mynd 1. Fjöldi kvenna og karla eftir menntunarflokkum



Starfsreynsla

Þegar umsóknir eru flokkaðar eftir starfsreynslu kemur í ljós að flestir umsækjendur eða 54,3% voru með enga starfsreynslu. Er það hærra hlutfall en undanfarin ár og jafnhátt og árið 2010. Nánari flokkun má sjá í töflu 4 hér á eftir.

Tafla 4. Starfsreynsla við kennslustörf

Skólaár	07/08	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	2017/2018
	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	Fjöldi
6 ár eða meiri	9,5	15,8	0	0	19	21,7	0	0,6	11,9	7	5	19
3-5 ár	19,5	11,5	21,8	21,2	28,6	10,9	24,3	24,4	9,5	10,3	10,7	41
1-2 ár	24,9	31	32,4	27,1	21,4	31,5	41,2	41,5	35,7	31,2	30	115
Engin	46,1	41,7	45,8	51,7	16,1	35,9	34,5	33,5	42,9	51,5	54,3	208
Samtals												383

Kennslugreinar

Tafla 5 sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein. Langflestar undanþágurnar voru veittar vegna almennrar kennslu. Skv. skráningu undanþágunefndar grunnskóla er almenn kennsla skilgreind sem umsjónarkennsla, aðstoðarkennsla eða kennsla í ýmsum greinum.

Tafla 5. Fjöldi umsókna flokkaðar eftir kennslugreinum

Almenn kennsla	185	Lífsleikni	1
Bóklegar greinar	25	Myndmennt	1
Dans	1	Náttúrufræði	10
Danska	6	Samfélagsgreinar	7
Enska	7	Sérkennsla	11
Forfallakennsla	24	Smíði	10
Handmennt	1	Sund	15
Heimilisfræði	12	Textíl	1
Íslenska	16	Tónmennt	4
Íþróttir	21	Tæknimennt	11
Leiklist	1	Upplýsingatækni	1
Listir	3	Valgreinar	1

Aldursskipting

Þegar umsóknir eru flokkaðar eftir aldri einstaklinga kemur í ljós að flestar umsóknir sem samþykktar voru á skólaárinu 2017/2018 voru fyrir einstaklinga á aldrinum 31-40 ára eða 40,7%. Umsóknum fer fækkandi í aldursflokknum 41 árs og eldri. Nánari skiptingu má sjá í töflu 6 hér á eftir.

Tafla 6. Aldursskipting þeirra sem hafa fengið undanþágu til kennslu

Skólaár	07/08	08/09	09/10	10/11	11/12	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17	17/18	2017-2018
	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	Fjöldi
20 ára og yngri	0,2	0,2	0	0	0	0	0	0,6	0	0	0	0
21 - 30 ára	29,4	31,9	21,8	21,2	17,9	30,4	24,3	24,4	29	22,4	34,2	131
31 - 40 ára	33	32,5	32,4	27,1	37,5	28,3	41,2	41,5	38,1	48,2	40,7	156
41 árs og eldri	37,4	35,4	45,8	51,7	44,6	41,3	34,7	33,5	32,9	29,4	25,1	96
Samtals												383

Umsóknir skólastjóra vegna lausráðningar starfsmanns þar sem réttindakennari sækir um sömu stöðu

Í nokkrum tilvikum hafa borist umsóknir frá skólastjórum til undanþágunefndar grunnskóla þar sem óskað er eftir heimild til að lausráða starfsmann án kennsluréttinda þrátt fyrir að fyrirliggjandi sé umsókn frá grunnskólakennara. Skv. 5. gr. [reglugerðar](#) um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla nr. 440/2010 er slíkt heimilt ef hvorki skólastjóri né a.m.k. tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu kennarans. Í þeim tilvikum er réttindakennara gefinn kostur á að tjá sig um framkomin gögn í málinu skv. IV. kafla [stjórnisýslulaga](#) nr. 37/1993. Nánari upplýsingar um fjölda mála má sjá í töflu 7 hér á eftir.

Tafla 7. Fjöldi umsókna vegna andmælaréttarmála flokkaðar eftir skólaárum, samþykktar umsóknir og synjanir

Skólaár	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2009-2010	9	8	1
2010-2011	1	1	
2011-2012	1		1
2012-2013	1	1	
2013-2014	1	1	
2014-2015	4	3	1
2015-2016	1	1	
2016-2017	7	3	2
2017-2018	3	3	

Dreifibréf undanþágunefndar grunnskóla. Undanþágunefnd grunnskóla sendir dreifibréf til skólastjóra, skólaskrifstofa, sveitarfélaga og ýmissa hagsmunaaðila í vorbyrjun hvers árs, með ýmsum upplýsingum og leiðbeiningum vegna umsókna. Samstarf við skólastjóra hefur að venju gengið mjög vel og hefur það auðveldað vinnu við afgreiðslu umsókna.

Vinna stendur yfir hjá Menntamálastofnun, sem hefur umsjón með umsýslu nefndarinnar við að gera umsóknarferlið rafrænt. Stefnt er að því að nýtt kerfi verði tilbúið til notkunar fyrir umsóknartímabilið 2019-2020.

28. nóvember 2018

f.h. undanþágunefndar grunnskóla
Erla Ósk Guðjónsdóttir formaður